



Fréttatilkynning 3. mars, 2005
Frá Akureyri í öndvegi

Metþátttaka í hugmyndasamkeppni um miðbæ Akureyrar 140 tillögur bárust víðsvegar að úr heiminum

Nú er lokið skilafresti tillagna í hugmyndasamkeppni verkefnisins "Akureyrar í öndvegi" um miðbæ Akureyrar. Akureyri í öndvegi er samstarfsvettvangur öflugra fyrirtækja sem vilja efla miðbæ Akureyrar sem miðstöð menningar, viðskipta og mannlífs á Norðurlandi. Keppnin hófst í nóvember sl. eftir umfangsmikla vinnu við skilgreiningu á forsendum keppinnar í samráði við hagsmunaaðila og bæjarbúa. Þar hæst fjölmennasta íbúáþing sem haldið hefur verið á Íslandi en þaðan komu margar hugmyndir bæjarbúa sem þátttakendur í samkeppninni gátu kynnt sér.

Keppnin er að ýmsu leyti með nýstárlegu sniði, bæði vegna hins umfangsmikla samráðs við undirbúning keppinnar og enn fremur vegna þess hvernig veraldarvefurinn var hagnýttur sem aðal upplýsingamiðill. Þannig var þátttaka um víða veröld mun auðveldari og ódýrari en áður enda hafa aldrei borist fleiri tillögur í samkeppni af þessu tagi á Íslandi. Alls bárust um það bil 140 tillögur víðs vegar að úr heiminum sem er mun meiri þátttaka en búist var við og á sér enga hliðstæðu hér á landi í keppni af þessu tagi. Endanlegur fjöldi mun liggja fyrir á næstu dögum. Keppnin er haldin í samstarfi við Arkitektafélag Íslands og beinist einkum að fagfólki á sviði byggingarlistar og skipulags þótt þátttaka hafi verið öllum opin.

Dómnefndar bíður nú umfangsmikið starf við að meta tillögurnar. Hana skipa: Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, formaður, Árni Ólafsson arkitekt, Hlín Sverrisdóttir skipulagsfræðingur og landslagsarkitekt, Pétur H. Ármannsson arkitekt og Þorvaldur Þorsteinsson, forseti Bandalags íslenskra listamanna. Úrslit verða tilkynnt þann 14. apríl.

Aðstandendur keppinnar vonast til að keppnin leiði til nýrrar og ferskrar heildarsýnar um uppbyggingu og þróun miðbæjar Akureyrar og hefur bæjarstjórn lýst yfir fullum stuðningi við þetta framtak Akureyrar í öndvegi.

Ráðgjafarfirmar Alta hefur annast undirbúning keppinnar, þar á meðal samráðsfundi, ritstjórn keppnislýsingar og miðlun gagna á vefnum.

Að Akureyri í öndvegi standa eftiralin fyrirtæki:
10-11, Bónus, Hagar, Hagkaup, Íslandsbanki, KB Banki, KEA, Landsbankinn, Sjóvá-Almennar, Sparisjóður Norðlendinga, Vís, Vörður og Þyrping.

Nánari upplýsingar veitir talsmaður Akureyrar í öndvegi, Ragnar Sverrisson kaupmaður, í síma 462 3599.
Sjá einnig: www.vision-akureyri.is